Nr. 500 19. maí 2015

# AUGLÝSING

**um niðurfellingu reglna um val á nemendum til náms í iðjuþjálfun við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri.**

1. gr.

Samkvæmt ákvörðun fræðasviðsfundar heilbrigðisvísindasviðs þann 19. mars 2013 var ákveðið að fella niður samkeppnispróf í iðjuþjálfunarfræðideild frá og með 1. ágúst 2013.

Með vísan til þess hefur háskólaráð fellt úr gildi reglur nr. 414/2006 um val á nemendum til náms í iðjuþjálfun við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri.

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er með vísan til 18. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 með síðari breytingum tekur þegar gildi.

*Háskólanum á Akureyri, 19. maí 2015.*

**Eyjólfur Guðmundsson** rektor.

*Ögmundur Knútsson,*
varaforseti háskólaráðs.

B-deild – Útgáfud.: 5. júní 2015